



Almenni lífeyrissjóðurinn er fullgildur lífeyrissjóður og hefur starfsleyfi samkvæmt lögum um skyldutryggingu lífeyrisréttinda og starfsemi lífeyrissjóða.

Sjóðfélagar greiða lágmarksiðgjald bæði í séreignar- og samtryggingarsjóð. Í séreignarsjóði geta sjóðfélagar valið á milli sex ávöxtunarleiða. Sjóðurinn leggur sérstaka áherslu á ítarlegar og vandaðar upplýsingar til sjóðfélaga, m.a. um ávöxtunarleiðir sjóðsins. Nánari upplýsingar er að finna á [almenni.is](http://almenni.is)

## Upplýsingar veita:

Sverrir Briem  
sverrir@hagvangur.is

Inga Steinunn Arnardóttir  
inga@hagvangur.is

Umsóknir óskast fylltar út á  
[hagvangur.is](http://hagvangur.is)

Umsóknarfrestur er til og  
með 15. júlí nk.

## Tvær spennandi stöður í boði hjá Almenna lífeyrissjóðnum

Almenni lífeyrissjóðurinn leitar að tveimur sérfræðingum í 20 manna samveldinn hóp sem leggur metnað sinn í að vinna vel fyrir sjóðfélaga og veita úrvalsþjónustu. Í boði er góður vinnustaður sem hlúir að starfsfólki með góðri vinnuaðstöðu, góðu skipulagi og áhugaverðum og fjölbreyttum verkefnum.

### Sérfræðingur í eignastýringu

Auglýst er eftir sérfræðingi til að starfa í eignastýringarteymi sjóðsins.

Helstu verkefni eru greining og verðmat hlutabréfa og annarra fjárfestingarkosta.

Æskilegt er viðkomandi hafi háskólapróf og reynslu af fjármálamarkaði eða af rekstri og stjórnun fyrirtækja.

### Sérfræðingur í bókhaldi

Auglýst er eftir sérfræðingi til að starfa í bókhaldsteymi sjóðsins.

Helstu verkefni eru umsjón með fjárhagsbókhaldi, gerð ársreiknings og skil á skýrslum til eftirlitsaðila.

Æskilegt er viðkomandi hafi háskólapróf og reynslu af bókhaldi.



HAGVANGUR

SKÓGARHLÍÐ 12 105 REYKJAVÍK Sími 520 4700  
[www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)



Verkís er öflugt og framsækið ráðgjafar-fyrirtæki sem býður fyrsta flokks þjónustu á öllum sviðum verkfræði.

Hjá Verkís starfa um 350 manns að fjölbreyttum verkefnum.

## Ert þú með menntun og reynslu í stýritækni

Verkís leitar að rafmagnsverkfræðingi eða -tæknifræðingi með menntun, reynslu og sérhæfingu í stýritækni (Automation Engineering)

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í rafmagnsverkfræði eða -tæknifræði með áherslu á stýritækni eða annað sambærilegt.
- 3-5 ára starfsreynsla við hönnun og þróun stýritæknilegra verkefna þar sem unnið hefur verið með PLC, SCADA og nettengingar.
- Reynsla í TCP/IP og SQL forritun
- Reynsla af prófunum, uppsetningu og gangsetningu stýri- og netkerfa.
- Þekking á alþjóðlegum stöðlum og kröfum við val lausna er varða stýrikerfi.
- Góð íslenskukunnátta og ritfærni.
- Góð enskukunnátta ásamt a.m.k. einu Norðurlandamáli.
- Góð samskiptahæfni og að eiga auðvelt með að tjá sig um tæknileg efni.
- Mikilvægt er að viðkomandi sé tilbúinn að fara erlendis til skemmmri og lengri dvalar s.s. til Noregs.

### Starfs- og ábyrgðarsvið

- Hönnun og þróun iðnstýrikerfa.
- Vinna með verkkaupum að þarfagreiningu á stýrikerfum.
- Gerð verk- og forritalýsinga og útboðsgagna.
- Gera samanburð og kostnaðarreikna mismunandi útfærslur.
- Vinna náið með öðrum í hóp, geta tekið að sér að stýra verkefnavinnu.
- Þátttaka í verkefnum á öllum framkvæmdastigum, innanlands sem og erlendis.
- Þátttaka í verkefnaöflun með starfsmönnum og fulltrúi á verkefnafundum.

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á heimasíðu Verkís, [www.verkis.is](http://www.verkis.is), fyrir 8. júlí nk.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál og öllum umsóknum er svarað.

Nánari upplýsingar veitir Elín Greta Stefánsdóttir, mannauðsstjóri, [egs@verkis.is](mailto:egs@verkis.is)




Ármúla 4 | [www.verkis.is](http://www.verkis.is) | [verkis@verkis.is](mailto:verkis@verkis.is) | 422 8000

CAPACENT

## VIÐ ERUM FLUTT Í ÁRMÚLA 13

CAPACENT // ÁRMÚLA 13 // 108 REYKJAVÍK // Sími 540 1000

capacent





# Vatnsleikfimi hjá ÍTR

Íþrótt- og tómstundasvið Reykjavíkur auglýsir eftir leiðbeinanda fyrir vatnsleikfimi og leikfimi eldri borgara

## Helstu verkefni og ábyrgð

- Skipulagning á kennslutímum í vatnsleikfimi og leikfimi
- Leiðbeina fullorðnum í vatnsleikfimi og leikfimi
- Samráð og samvinna við forstöðumenn sundlauga

## Starfshlutfall er 100%

Ráðningartími er frá miðjum ágúst 2013 fram í miðjan ágúst 2014.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Margrét Grétarsdóttir mannauðsráðgjafi ÍTR í síma 4 11 11 11 eða með því að senda fyrirspurnir á netfangið [margret.gretarsdottir@reykjavik.is](mailto:margret.gretarsdottir@reykjavik.is)

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is) undir „Laus störf“. Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er.

Launakjör eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar

## Menntunar- og hæfniskröfur

- Menntun eða reynsla sem nýtist í starfi
- Áhugi á að vinna með fólki
- Frumkvæði og sjálfstæði
- Færni í samskiptum

Umsóknarfrestur er til  
**14. júlí,  
2013**



Laugarnar í Reykjavík



[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJARÐARBÆJAR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

## Félagsráðgjafi Fjölskylduþjónustan í Hafnarfirði

Laus er til umsóknar staða félagsráðgjafa hjá Fjölskylduþjónustunni í Hafnarfirði.

Um er að ræða fullt starf og æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Þekking og reynsla af vinnslu barnaverndarmála er nauðsynleg.

### Hæfniskröfur:

- Starfsréttindi í félagsráðgjöf
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Lipurð í mannlegum samskiptum
- Áhugi á þverfaglegri teymisvinnu
- Hæfni til að tjá sig í ræðu og riti

### Fjölskylduþjónustan býður upp á:

- Fjölskylduvænan vinnustað
- Fjölbreytt verkefni á sviði velferðarmála
- Þverfaglega samvinnu með metnaðarfullu starfsfólki
- Góðan starfsanda

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og Félagsráðgjafafélags Íslands.

Samkvæmt jafnréttisstefnu Hafnarfjarðarbæjar eru karlar jafnt sem konur hvattir til að sækja um starfið.

Umsækjendur sendi upplýsingar um menntun og fyrri störf til Fjölskylduþjónustunnar í Hafnarfirði, Strandgötu 33, 220 Hafnarfirði, fyrir 11. júlí n.k.

Nánari upplýsingar veita Ólína Birgisdóttir, deildarstjóri, [olina@hafnarfjordur.is](mailto:olina@hafnarfjordur.is) og Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri Fjölskylduþjónustu Hafnarfjarðar, [rannveig@hafnarfjordur.is](mailto:rannveig@hafnarfjordur.is)

Fjölskylduþjónusta Hafnarfjarðar

### Capacent Ráðningar

VIÐ VILJUM GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennu starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Capacent Ráðningar  
Borgartúni 27  
Sími 540 1000

capacent

## SÖLURÁÐGJAFI Á FYRIRTÆKJAMARKAÐI

### Fyrirtækjaráðgjöf Sjóvár vantar tryggingaráðgjafa.

Við leitum að drífandi einstaklingi með reynslu af sölumennsku og ráðgjöf á fyrirtækjamarkaði. Um er að ræða söluráðgjafastarf byggt á verktakasamningi.

**Umsóknir** skulu fyllast út á vef Sjóvár, merktar „tryggingaráðgjafi“. Umsóknarfrestur er til 12. júlí 2013. Allar nánari upplýsingar veitir Pála Þórisdóttir, forstöðumaður fyrirtækjaráðgjafar, í síma 440 2153.

Starfsánægja mælist há hjá Sjóvá. Boðið er upp á gott starfsumhverfi fyrir hæft starfsfólk, ásamt tækifæri fyrir hvern og einn til að eflast og þróast í starfi.

### Hæfniskröfur:

- Reynsla af sölustarfi á fyrirtækjamarkaði – helst á sviði fjármála eða váttrygginga
- Geta til að greina þarfir viðskiptavina og veita faglega ráðgjöf
- Góðir söluhæfileikar og vinnusemi
- Sjálfstraust, sjálfstæði og skipulögð vinnubrögð
- Gott tengslanet á fyrirtækjamarkaði er kostur

**SJÓVÁ**



## Upplýsingatækni - þjónusta og rekstur

Öflugt og traust fyrirtæki óskar eftir að ráða starfsmann í upplýsingatæknideild. Starfið felur í sér tæknilega aðstoð til fyrirtækja á sviði reksturs upplýsingakerfa. MCP eða MCSA gráða er kostur. Farið verður með allar umsóknir og fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

Sjá á [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

Síðumúla 5 ■ 108 Reykjavík ■ sími 511 1225 ■ [www.intellecta.is](http://www.intellecta.is)

intellecta

■ ráðgjöf ■ ráðningar ■ rannsóknir



## SKRÁÐU NAFN ÞITT Á SPJALD SÖGUNNAR

Við leitum að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn til að leggja sig alla fram í starfi. Viðkomandi verður að hafa ríka þjónustulund, vera útsjónarsamur, heiðarlegur, hafa gott auga fyrir gæðum og vera tilbúinn til að taka þetta auka skref sem þarf til að gera gestinn ánægðan.

Á Radisson BLU Hótel Sögu störfum við eftir alþjóðlegum stöðlum virtrar hótélkeðju. Við erum sterk liðsheild sem setjum metnað okkar í fagleg vinnubrögð.

### Umsjónarmaður tölvukerfa / Tæknistjóri

#### Starfssvið:

- Umsjón með tölvukerfum
- Tækniaðstoð í ráðstefnudeild, þekking á hljóði og mynd
- Ábyrgð á viðhaldsáætlun vegna vél- og hugbúnaðar
- Þjónusta við notendur
- Samskipti við þjónustuaðila
- Þátttaka í mótun upplýsingatæknistefnu

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kerfisfræðingur eða sambærileg menntun
- Microsoft MCSA vottun er æskileg
- Þekking af rekstri Microsoft miðlara og Microsoft SQL server
- Þekking og reynsla af rekstri hyper-V
- Framúrskarandi þjónustulund
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi
- Góðir samskiptahæfileikar og færni til að starfa í hópi

Nánari upplýsingar veitir Anna Jónsdóttir, starfsmannastjóri, í síma 525 9803. Umsóknarfrestur er til 15. júlí 2013 og eru umsækjendur beðnir að senda umsókn á netfangið: [anna.jonsdottir@radissonblu.com](mailto:anna.jonsdottir@radissonblu.com).



Radisson BLU Saga Hotel • Hagatorg • 107 Reykjavík • Ísland



### Auglýsing um laus störf í Fjölbrotaskólanum í Breiðholti á haustönn 2013.

**Kennara í fjölmiðlagreinum vantar í 50- 75% starf**  
**Starf Líffræðikennara vantar í 66% starf**  
**Starfsmann á skrifstofu vantar í 100% starf**

Laun eru samkvæmt stofnanasamningi FB og kjarasamningi KI og SFR.

Ekki þarf að sækja um ofangreind störf á sérstökum eyðublöðum.

Umsóknnum skal skilað fyrir 7. ágúst til Guðrúnar Hrefnu Guðmundsdóttur skólameistara [ghg@fb.is](mailto:ghg@fb.is) sem jafnframt gefur upplýsingar um störf in síma 899 2123

**Skólameistari**  
FB, Austurbergi 5 – 111 Reykjavík,  
sími 570 5600 – [www.fb.is](http://www.fb.is)



Kjosavik AS er í forsvari fyrir heildsölufræðingum Norengros á Rogalandssvæðinu, en fyrirtækið spannar allan Noreg og er leiðandi í heildsölu á m.a. skrifstofu og tölvuútbúnaði, húsgögnum, ræstingarbúnaði, hjúkrunar- og heilsuvörum. Starfsmannaveita fyrirtækisins árið 2012 var ca 376 mill. NOK við starfsemi þess í Haugesund, Stavanger og Sandnes. Fyrirtækið er meðeigandi í tveimur apótekum og Straen Sykepleiesenter AS sem sérhæfir í hjúkrunarvörum. Áætluð velta fyrirtækisins árið 2013 er ca 2,9 milljarðar NOK.

**Heilbrigðis-tæknideild Norengros Kjosavik leitar eftir verkfræðingi og tæknimanni með reynslu í viðgerðum og viðhaldi á raftækjum fyrir heilbrigðisþjónustu. Deildin er samsett af 12 áhugamiklu og hæfu starfsfólki með ólíkan bakgrunn á þessu sviði.**

**Nánari starfslýsingu, menntunar- og hæfniskröfur má finna á:**

- [www.Norengros.no](http://www.Norengros.no) undir „Ledige Stillinger“.
- Verkfræðingur við heilbrigðis-tæknideild (Ingeniør til Medisinsk-teknisk afdeling)
  - Tæknimaður við heilbrigðis-tæknideild (Tekniker til Medisinsk-teknisk afdeling)

Æskilegt er að viðkomandi kunnir norsku eða sé viljugur að sækja námskeið í tungumálinu, þar sem öll vinna fer fram á norsku.

**Umsóknir og nánari upplýsingar:**

Leiv Kåre Myre, deildarstjóri heilbrigðis-tæknideilda, símanúmer: +47 924 98 525 [leiv.kare.myre@norengros.no](mailto:leiv.kare.myre@norengros.no)

## Verkstjóri í Vélsmiðju

Hamar ehf. auglýsir eftir öflugum verkstjóra með tæknimenntun



#### Áherslur starfssviðs eru:

- Stjórná vinnuflokkum og taka virkan þátt í framkvæmdum
- Umsjón með verkefnum og aðstoða svæðisstjóra í stjórnun verkefna
- Að vinna verkáætlanir deildarinnar í samvinnu við svæðisstjóra
- Veita ráðgjöf í tæknilegum lausnum verkefna

#### Ráðningaferli:

Allar nánari upplýsingar eru á heimasíðu Hamars, [www.hamar.is](http://www.hamar.is) - “Atvinna í boði”

Vinsamlegast fyllið út umsókn á heimasíðu Hamars. Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðargögn

**Umsóknarfrestur er til og með 10. júlí 2013**



Hamar ehf. Vélsmiðja • Aðalskrifstofa : Vesturvör 36 • 200 Kópavogur • Sími 564 6062 • [www.hamar.is](http://www.hamar.is) • [hamar@hamar.is](mailto:hamar@hamar.is)

Actavis er alþjóðlegt fyrirtæki sem sérhæfir sig í þróun, framleiðslu og sölu hágæðasamheitalyfja. Fyrirtækið er með starfsemi í yfir 60 löndum. Hjá Actavis á Íslandi starfa tæplega 800 starfsmenn á ýmsum sviðum.

## Sviðsstjóri samskiptasviðs Actavis á Íslandi

Samskiptasvið ber ábyrgð á innri og ytri upplýsingamiðlun fyrirtækisins, eflingu fyrirtækjamenningar, vefumsjón, samskiptum við fjölmiðla og samfélagsverkefnum. Samskiptasvið er hluti af samskiptaneti Actavis samstæðunnar.

### Helstu verkefni:

- Upplýsingagjöf til starfsmanna og efling fyrirtækjamenningar
- Ritstjórn á innri og ytri vefum Actavis
- Samskipti við fjölmiðla
- Ábyrgð á ýmsum samfélagsverkefnum sem Actavis á Íslandi tekur þátt í
- Þátttaka í samskiptaneti samstæðunnar
- Skipulagning starfsmannafunda
- Stefnumótun og markmiðasetning sviðsins

### Við leitum að öflugum og jákvæðum einstaklingi með:

- Háskólamenntun á sviði almannatengsla, viðskipta eða sambærilega menntun; framhaldsmenntun á sviði markaðs- og kynningarmála og/eða almannatengsla æskileg
- Reynslu af markaðs- og kynningarmálum
- Reynslu af textagerð
- Mjög góða íslensku- og enskukunnáttu
- Mjög góða skipulags- og samskiptahæfni

### Hjá Actavis bjóðum við upp á:

- snyrtilegan og öruggan vinnustað
- fjölskylduvænt starfsumhverfi
- góðan starfsanda
- gott mótuneyti
- fræðslu og þjálfun
- iðjuþjálfu, hjúkrunarfræðinga og lækni sem sinna heilsuvernd starfsmanna
- árlegan styrk til íþróttaiðkunar auk fræðslustyrks
  - öflugt starfsmannafélag

Umsóknir óskast fylltar út á [www.actavis.is](http://www.actavis.is), undir Störf í boði fyrir **7. júlí nk.** Einungis er tekið á móti umsóknum á heimasíðu Actavis. Nánari upplýsingar um starfið veitir Jenný Sif Steingrimsdóttir, [jsteingrimsdottir@actavis.is](mailto:jsteingrimsdottir@actavis.is).

Actavis Reykjavíkurvegi 76-78 220 Hafnarfirði  
s 550 3300 f 550 3301 @ actavis@actavis.is w www.actavis.is

**Actavis**

# Deildarstjóri Þjónustuver

Borgun leitar að kraftmiklum einstaklingi með mikla færni í mannlegum samskiptum til að stýra daglegum rekstri Þjónustovers. Þjónustuver Borgunar kappkostar að veita viðskiptavinum sínum framúrskarandi þjónustu allan sólarhringinn og starfar eftir gildunum; vilji, virði og vissa.

### Helstu verkefni

- ▶ Dagleg stýring og rekstur Þjónustovers
- ▶ Þátttaka í mótun og framkvæmd þjónustustefnu
- ▶ Gerð verkferla og eftirfylgni
- ▶ Samskipti við ytri og innri viðskiptavini og úrlausn ýmissa verkefna

### Menntunar- og hæfniskröfur

- ▶ Háskólamenntun sem nýtist í starfi
- ▶ Reynsla af stjórnun er skilyrði
- ▶ Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- ▶ Framúrskarandi samskiptahæfileikar og þjónustulund
- ▶ Skipulögð og nákvæm vinnubrögð
- ▶ Hæfni til að vinna undir álagi og áreiti
- ▶ Frumkvæði og metnaður til að ná árangri í starfi

Umsækjendur eru vinsamlegast beðnir um að sækja um starfið á [www.borgun.is](http://www.borgun.is) fyrir **14. júlí nk.** Nánari upplýsingar um starfið veitir Rakel Ýr Guðmundsdóttir mannauðsstjóri í síma 560 1561 ([ryg@borgun.is](mailto:ryg@borgun.is)). Umsóknarfrestur er til og með 14. júlí nk.





## GRÍMSNES- OG GRAFNINGSHREPPUR

### Skólastjóri við Kerhólsskóla

Staða skólastjóra við sameinaðan leik- og grunnskóla í Grímsnes- og Grafningshreppi, Kerhólsskóla er laus til umsóknar.

Leitað er að einstaklingi sem hefur skýra sýn í skólamállum, er metnaðarfullur, skapandi og áhugasamur um nærsamfélagið. Í janúar 2011 voru leikskólinn Kátaborg og grunnskólinn Ljósaborg sameinaðir í Kerhólsskóla og eru um 60 nemendur í Kerhólsskóla frá 12 mánaða aldri til og með 8. bekk. Í byggingu er nýtt húsnæði sem hýsa á bæði leik- og grunnskóladeild og verður starfsemi skólans flutt í húsnæðið á árinu 2014.

Í Kerhólsskóla er lögð áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem þarfir einstaklingsins eru hafðar að leiðarljósi. List- og verkgreinar og önnur skapandi vinna er stór hluti af skólastarfinu. Að auki er Kerhólsskóli Grænánaskóli og mikil áhersla er lögð á umhverfismennt og útinám. Með nýjum lögum og námskrám fyrir leik- og grunnskóla hafa skapast tækifæri til þess að hafa heildarsýn yfir skólamál sveitarfélagsins á einni hendi.

Með sameiginlegum leik- og grunnskóla er leitast við að efla faglegt starf, skapa samfellu í menntun og skólastarfi og byggja upp skólalag með þeim hætti að það verði eftirsóknarvert að búa og ala upp börn í Grímsnes- og Grafningshreppi.

#### Starfssvið

- Stjórn og ábyrgð á daglegri starfsemi og rekstri.
- Fagleg forysta.
- Ráðningar og stjórnun starfsfólks.
- Stuðla að framþróun í skólastarfi.
- Leiða samstarf starfsmanna, nemenda, heimila og skólasamfélagsins í heild.

#### Menntunar- og hæfniskröfur

- Umsækjandi skal hafa hafa leyfisbréf til kennslu á grunn- og/eða leikskólastigi, viðbótarmenntun í stjórnun eða kennslureynslu á þessum skólastigum sbr. 10 og 12. grein laga nr. 87/2008.
- Reynsla af stjórnun, rekstri skóla og þróunarstarfi er æskileg.
- Metnaður, hugmyndaauðgi, skipulagshæfni og leiðtogaþæfileikar.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Reynsla af starfi í skólum.
- Sveigjanleiki og vísýni í starfi og samskiptum.
- Frumkvæði og styrkur í ákvarðanatöku.
- Skipulagshæfni og góð yfirsýn.
- Hreint sakavottorð.
- Æskilegt er að skólastjóri hafi búsetu í sveitarfélaginu.

Staðan er laus frá 1. ágúst 2013 en æskilegt er að viðkomandi geti komið að skólastarfinu sem fyrst.

Launakjör eru samkvæmt samningi LN og KÍ.

Umsóknir þurfa að vera skriflegar og þeim þarf að fylgja greinargott yfirlit yfir nám og störf, leyfisbréf til kennslu og meðmæli. Öllum umsóknum verður svarað.

#### Umsóknarfrestur er til 12. júlí n.k.

Umsóknir skulu sendar til: Grímsnes- og Grafningshreppur, Stjórnsýsluhúsinu Borg, 801 Selfoss, merkt: Skólastjórastarfi. Upplýsingar um Grímsnes- og Grafningshrepp og Kerhólsskóla má sjá [www.gogg.is](http://www.gogg.is) og [www.kerholsskoli.is](http://www.kerholsskoli.is). Frekari upplýsingar um starfið veitir Ingibjörg Harðardóttir sveitarstjóri, [gogg@gogg.is](mailto:gogg@gogg.is) eða í síma 486-4400.

# ATVINNA

AÐSTOÐARSKÓLASTJÓRI  
HÁALEITISSKÓLA Í REYKJANESBÆ

#### Starfssvið:

- Staðgengill skólastjóra
- Umsjón með innra starfi skólans
- Starfsmannamál
- Samskipti við nemendur og foreldra
- Innleiðing nýrrar Aðalnámskrár grunnskóla

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Kennaramenntun og réttindi til kennslu í grunnskóla
- Þekking á þeirri hugmyndafræði sem höfð er að leiðarljósi í skólastarfinu
- Reynsla af samstarfi við foreldra
- Þekking og færni í að vinna að framgangi PBS innan skólans.
- Metnaður til þess að bæta námsárangur og vinna að framkvæmd framtíðarsýnar Reykjanesbæjar í skólamállum.
- Reynsla af stjórnun og stjórnunarstörfum æskileg
- Viðbótarmenntun í stjórnun æskileg
- Skipulagshæfileikar
- Góð mannleg samskipti

#### Umsóknarfrestur er til 11. júlí 2013.

Háaleitisskóli var rekinn sem útibú frá Njarðvíkurskóla en ákveðið var frá og með hausti 2013 að gera hann að sjálfstæðri rekstrareiningu þar sem mikill uppgangur og gróska er á Ásbrú með tilheyrandi fjölgun nemenda. Í Háaleitisskóla starfar samhentur hópur kröftugra kennara og almenns starfsfólks sem á tímum örra breytinga hefur tekist að búa til skóla sem nær árangri og almenn ánægja er með meðal íbúa skólalagverfisins.

#### Nánari upplýsingar um skólann veitir Anna Sigríður Guðmundsdóttir skólastjóri í síma 4203050 eða 6945689.

Sækja skal um starfið á vef Reykjanesbæjar <http://www.reykjanesbaer.is/stjornkerfi/lausstorf>



## Sjúkratryggingar Íslands

# Mannauðsstjóri

Sjúkratryggingar Íslands óska eftir að ráða mannauðsstjóra í fullt starf.

[www.sjukra.is](http://www.sjukra.is)

Mannauðsstjóri heyrir undir sviðsstjóra fjármála- og rekstrarsviðs stofnunarinnar. Um er að ræða fjölbreytt og krefjandi starf.

#### Helstu verkefni:

- Þróun, framkvæmd og eftirfylgni gildandi mannauðsstefnu
- Starfsþróunar- og fræðslumál
- Ráðningar og móttaka nýliða
- Ráðgjöf og þjónusta við stjórnendur og starfsmenn í mannauðsmálum
- Þróun launakerfis og frammistöðumats
- Stuðningur og eftirfylgni vegna starfsmannasamtala
- Stofnanasamningar
- Starfsmannafundir

#### Menntun og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun með sérhæfingu á sviði mannauðstjórnunar
- Marktæk reynsla af mannauðsmálum
- Þekking á starfsmanna- og kjaramálum hins opinbera
- Stjórnunarreynsla er kostur
- Þekking og reynsla af Orra, launakerfi ríkisins, er kostur
- Hæfni til tjáningar í ræðu og riti
- Jákvætt viðmót, þjónustulund og hæfni til að starfa bæði sjálfstætt og í hópi
- Nákvæmni og vönduð vinnubrögð
- Frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi
- Heiðarleiki og samviskusemi

Laun eru skv. kjarasamningi viðkomandi stéttarfélags háskólamanna og fjármálaráðherra.

Umsóknarfrestur er til og með 14. júlí n.k. Miðað er við að starfsmaður hefji störf á tímabilinu 1. september til 1. október 2013.

Umsókn ásamt ítarlegri ferilskrá, merkt „MANNAUÐSSTJÓRI“, skal senda Starfsmannabjónustu Sjúkratrygginga Íslands, rafrænt á [starf@sjukra.is](mailto:starf@sjukra.is) eða í pósti á **Rauðarárstíg 10, 105 Reykjavík**. Karlar, jafnt sem konur, eru hvattir til þess að sækja um starfið. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu liggur fyrir. Umsóknir gilda í sex mánuði frá lokum umsóknarfrests.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Ragnar M. Gunnarsson**, sviðsstjóri fjármála- og rekstrarsviðs. Upplýsingar um stofnunina má finna á vefsíðu hennar, [www.sjukra.is](http://www.sjukra.is)



Kraftur stuðningsfélag fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur auglýsir laust til umsóknar starf framkvæmdastjóra félagsins.

Tilgangur félagsins er að aðstoða ungt fólk sem greinst hefur með krabbamein en einnig aðstandendur þeirra m.a. með því að miðla upplýsingum til að auðvelda þeim að takast á við veikindin. Um er að ræða 50-80% starf.

#### Starfslýsing framkvæmdarstjóra Krafts

##### Í starfinu felst einkum:

- Daglegur rekstur félagsins auk þess að koma fram út á við fyrir hönd félagsins.
- Umsjón og skipulagning á dagskrá og viðburðum félagsins.
- Samvinnu og þjónustu við sálfræðing stuðningsnets Krafts.
- Ábyrgð á fjármálum félagsins og öflun tekna í samráði við stjórn.
- Að efla tengsl við samstarfsaðila.
- Þátttöku í í kynningar- og markaðsmálum.
- Umsjón með heimasíðu og samfélagsmiðlum félagsins auk útgáfu fréttabréfs félagsins í samstarfi við ritstjóra.
- Að vinna að og skapa verkefni sem ýta undir sýnileika félagsins.
- Almennri upplýsingagjöf um félagið og ráðgjöf til þeirra sem til félagsins leita.
- Annast önnur þau störf sem honum kunna að verða falin af stjórn félagsins.

#### Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi, t.d. á sviði félags- og/eða heilbrigðisvísinda, markaðs- og viðskiptafræða.
- Framúrskarandi hæfni í mannlegum samskiptum, þ.m.t. rík þjónustulund.
- Frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum.
- Geta til að koma fram á opinberum vettvangi þ.m.t. færni í töluðu og rituðu máli á íslensku og ensku.
- Þekking og reynsla á viðfangsefni félagsins er kostur.

Umsóknir skal senda: [formadur@kraftur.org](mailto:formadur@kraftur.org)

Umsóknarfrestur er til 14. Júlí 2013

Nánari upplýsingar um starfið veitir Hlín Rafnsdóttir í síma 8698944 eða [hlina@kraftur.org](mailto:hlina@kraftur.org)



# Stærsti skemmtistaður í heimi óskar eftir besta fólki í heimi!

Þar sem 4G netið hefur slegið í gegn þurfum við að bæta við okkur enn fleiri frábærum liðsfélögum.

## Vefpróun, HTML og CSS í markaðsdeild Nova

**Verður að vera t.í.h.s.e.** (til í hvað sem er).

Við leitum að frábærum liðsfélaga í fjölbreytt starf í markaðsdeild Nova, m.a. HTML og CSS vinnu, vefpróun við vef Nova ásamt ýmsum öðrum verkefnum tengdum vef- og markaðsmálum fyrirtækisins. Viltu vera með í að búa til flottasta vefinn og halda svo gott partí til að fagna því?

Starfsmaður þarf að hafa góða kunnáttu í HTML, CSS, Javascript, Visual Studio, Photoshop og kunna að sjóða egg (ekki skilyrði samt).

Reynsla af vef- og efnisstjórnun skilyrði. Gott að starfsmaður hafi unnið í LÍSU vefumsjónarkerfi eða öðrum sambærilegum kerfum og hafi áhuga á auglýsinga- og markaðsmálum, ásamt því að hafa gott auga fyrir útliti.

## Sölu- og þjónusturáðgjafar í verslun

– fólk sem er meira en fallett andlit Nova, það er líka hluti af bestu sölumönnum landsins.

Fyrir þann sem elskar að koma fram, veita frábæra þjónustu og veit ekkert skemmtilegra en að selja.

### Hæfniskröfur

Jákvæðni, frumkvæði, kraftur og framúrskarandi þjónustulund einkennir þann frábæra hóp sem okkur vantar viðbót við. Allt þetta, ásamt góðri tölvukunnáttu og lipurð í mannlegum samskiptum, er nauðsynlegt. Stúdentspróf eða sambærileg menntun. Góðir tekjumöguleikar því laun eru árangurstengd. Um framtíðarstörf er að ræða. Unnið er á vöktum. Við leitum að öflugum einstaklingum sem hafa áhuga á að ná árangri í starfi og okkar hópi.

## Notendapjónusta og tæknirekstur

Leitum að hressum og skemmtilegum starfsmanni í notendapjónustu Nova sem sinnir tækniþjónustu við aðra starfsmenn Nova (hafa ekki allir séð The IT Crowd?)

Liðsfélagi sem elskar að gera, redda, græja, er skipulagður, stundvís og góður í samskiptum. Þjónusta og tæknirekstur verslana, þjónustuvera og skrifstofu er hluti af starfinu sem og náði samstarf við kerfisstjóra og aðra starfsmenn Nova. Ekkert endilega að fara með þeim í golf um helgar en bara vera næs, þú veist.

Starfsmaður þarf að hafa góða þekkingu á Windows stýrikerfi og reynslu af uppsetningu og viðhaldi á algengum skrifstofuhugbúnaði og auðvitað skrifstofuhúsgögnum (kunna að stilla bakið og hækka og lækka og svona).

Sæktu  
um fyrir  
8. júlí

## Sölu- og þjónusturáðgjafar í þjónustuver

– týpan sem virkar róandi á alla og maður treystir á að hjálpi manni með hvað sem mann vantar.

Fyrir þann sem elskar að tala í síma, veita frábæra þjónustu og veit ekkert skemmtilegra en að selja.

### Nánari upplýsingar

**RÁÐUM**  
Atvinnustofa

Áhugasamir sækja um á [www.radum.is](http://www.radum.is) fyrir 8. júlí. Nánari upplýsingar veitir Hildur Erla Björgvinsdóttir, [hildur@radum.is](mailto:hildur@radum.is), sími 519 6770.



Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lág múla, á Selfossi og á Glerártorgi Akureyri  
Þjónustuver 519 1919 | [www.nova.is](http://www.nova.is) | [m.nova.is](http://m.nova.is) | Facebook | Twitter

Stærsti  
skemmtistaður  
í heimi!  
**NOVA**

# Vegna aukinna umsvifa á Íslandi

Óskum við eftir að ráða öfluga tæknimenn.

Við leitum að jákvæðum, drifandi og framsæknum einstaklingum sem hafa áhuga á að takast við krefjandi og spennandi framtíðarstörf.



## Starfssvið tæknimanna:

- Fóðra lagnir með Prosoc og Proline aðferðinni
- Önnur tilfallandi verkefni sem snúa að lagnafóðrun

## Hæfniskröfur:

- Iðnmenntun eða önnur sambærileg reynsla
- Starfsreynsla og góð þekking á faginu
- Skipulagshæfni, frumkvæði og vandvirkni
- Íslenskukunnátta er skilyrði

# PROLINE

Í boði eru störf hjá öflugum og traustum fyrirtæki þar sem pláss er fyrir einstaklinga sem vilja ná afburðar árangri

Umsóknarfrestur er til og með 15. júlí n. k. • Upplýsingar: Stefán Ólason, stefan@proline.is • Umsóknir óskast fylltar út á proline.is

Proline Group er leiðandi fyrirtæki í viðgerðum á frárennislögnum og er starfandi í 12 löndum, hjá okkur starfa 420 metnaðarfullir starfsmenn. Höfuðstöðvar Proline Group eru staðsettar í Stokkhólmi. • Proline Group býður uppá heildarlausanir við lagfæringar á frárennislögnum. Markmið okkar er að leysa vandamál á þægilegan og hagkvæman hátt, með hágæða faglegri vinnu, með lámarksraski fyrir húseigendur.



## Reykjavíkurborg

Borgarlögmaður

## Lögfræðingar

Borgarlögmaður óskar eftir að ráða tvo lögfræðinga til starfa hjá embættinu. Í boði er krefjandi og fjölbreytt starf í starfsumhverfi þar sem reynir á góða alhliða þekkingu á flestum réttarsviðum lögfræðinnar. Áhersla er lögð á símenntun og miðlun þekkingar milli starfsmanna. Embætti borgarlögmanns er í Ráðhúsi Reykjavíkur og þar eru stöðugildi átta lögmannna og lögfræðinga.

### Helstu verkefni:

Lögfræðilegar álitserðir og ráðgjöf til borgarstjórnar, borgarráðs, borgarstjóra, stofnana og fyrirtækja Reykjavíkurborgar

- Undirbúningur dómsmála og málflytningur
- Meðferð stjórnsýslukæra
- Samningagerð
- Fyrirsvar vegna skaðabótakrafna sem beint er gegn Reykjavíkurborg
- Uppgjör slysabóta á grundvelli kjarasamninga

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Embættispróf eða meistaraþráða í lögfræði
- Málflytningarréttindi æskileg
- Góð færni til framsetningar máls í ræðu og riti
- Skipuleg og fagleg vinnubrögð
- Frumkvæði og sjálfstæði í starfi
- Lipurð og færni í samskiptum

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Stéttarfélag lögfræðinga.

Nánari upplýsingar veitir Kristbjörg Stephensen, borgarlögmaður, í síma 411 4100 eða í gegnum tölvupóstfangið kristbjorg.stephensen@reykjavik.is

Umsóknarfrestur er til 12. júlí n.k. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst. Umsóknir ásamt fylgiskjölum skulu berast í gegnum vef Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is](http://www.reykjavik.is)

## Vilt þú vinna spennandi verkefni með okkur?

### Air Atlanta Icelandic is looking for quality employee

#### Crewing (12 hour shifts)

##### Main Task:

- Monitoring flight crew legality and react to last minute changes (flights canceled, illness, e.t.c.) by planning crew schedules.
- Updating and maintaining company's data bases.
- Communicating with flight crews.
- Communication on daily bases with AAI stations.

##### Qualifications:

- Good computer knowledge, quick to learn new systems.
- Excellent in English (reading, writing, speaking, understanding).
- Optional but preferred: Completed secondary school or similar.
- Work experience in Travel Industry preferred.

Interested candidates please send your application to Human Resources at [hr@atlanta.is](mailto:hr@atlanta.is) before the 12<sup>th</sup> of July 2013



Hlíðasmári 3 | 201 Kópavogur | Sími: 458 4000 | [airatlanta.com](http://airatlanta.com)



ÞJÓÐSKJALASAFN ÍSLANDS

## Tölvunarfræðingur, kerfisfræðingur

Þjóðskjalasafn Íslands auglýsir laust til umsóknar starf sérfræðings á skjalasviði við langtíma vörslu rafræna gagna.

Starfið felst einkum í ráðgjöf um rafræna skjalavörslu við opinbera aðila og viðtöku rafræna gagna frá þeim. Helstu verkefni eru; ráðgjöf um rafræna skjalavörslu, leiðbeiningar um afhendingu á vörsluútgáfum rafræna gagna til Þjóðskjalasafns, viðtaka, prófun og varðveisla rafræna gagna.

### Hæfniskröfur

- Gerð er krafa um próf í tölvunar- eða kerfisfræði eða aðra hliðstæða menntun. Menntun í eða þekking á skjalfræði er æskileg.
- Fjölbreytt reynsla á sviði tölvumála. Reynsla af starfi við skjalavörslu, notkun skjalasafna eða vinna í skjalasafni er æskileg.
- Góð kunnátta á miðlum og stöðlum er varða vörslu og flutning rafræna gagna og kunnátta í algengum notendaforritum.
- Góð kunnátta í íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli er áskilin.

Leitað er að fjölhæfum og áhugasömum starfsmanni, með frumkvæði í starfi, vönduð vinnubrögð og lipra framkomu. Frekari upplýsingar um starfið að finna á [www.skjalasafn.is](http://www.skjalasafn.is) undir laus störf og á [www.starfatorg.is](http://www.starfatorg.is)

Umsóknarfrestur er til og með 08.07.2013

## Sölustjóri á Íslandi

ReMake Electric óskar að ráða sölustjóra á Íslandi

### Lýsing:

Lykilhlutverk sölustjóra felur í sér að ná inn nýjum viðskiptavinum, samskipti við núverandi viðskiptavinum ásamt að vinna með endursöluáðilum og rafvirkjum.

Starfið er kjörið fyrir einstakling með minnst 3ja ára reynslu af sölu rafmagnsbúnaðar t.d. rafmagnstækja, orkustjórnunarkerfa, sjálfstýringarkerfa eða sambærilegra vara. Við munum einnig taka til skoðunar umsóknir frá óreyndum, en áhugaverðum einstaklingum.

### Starfssvið:

- Öflun nýrra viðskiptavina, samningaviðræður og lokun sölusamninga.
- Eftirfylgni við endursöluáðila.
- Skuldbinding að sölumarkmiðum.
- Gerð sölu- og aðgerðaáætлана.
- Samkeppnisgreining.
- Skýrslugerð til stjórnenda um sölu og aðgerðir.

### Hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfi. Kostur að hafa skilning á rafmagn.
- Reynsla af sölu rafmagnsbúnaðar eða rafmagnslausna.
- Þekking á framleiðendum og dreifingaraðilum rafmagnsbúnaðar.
- Árangursdrifni, áræðni og dugnaður.
- Hæfni í mannlegum samskiptum og til að vinna í hóp.
- Góð íslensku- og enskukunnátta í ræðu og riti.

Vinsamlega sendið ferilskrá á ensku fyrir 8. júlí n.k. til:

Francois Froment  
Director of Business Development  
[francois@remake-electric.com](mailto:francois@remake-electric.com)



ReMake Electric var stofnað í júní 2009. ReMake er skapandi fyrirtæki í örum vexti sem hannar, framleiðir og selur orkuveitirlitskerfið eTactica, sem er heildarlausn fyrir fyrirtæki til

þess að mæla, hafa eftirlit með og greina orkunotkun. Með öflugum stjórnendateymi og mjög hæfum rafmagns- og hugbúnaðar-sérfræðingum hefur ReMake hannað nýja lausn af rafmagnsmælum og er orðið markaðsleiðandi í orkuveitirlitslausnum.





## STARFSFÓLK ÓSKAST í stólaleigu

**hjá Dúdda**

Hársnyrtistofa Lifthúsinu Engjateigi 17 sími 895 6159  
hjadudda@simnet.is facebook: HjaDudda

## Spennandi störf hjá Kópavogsbæ

- Starfsfólk óskast á nýtt heimili fyrir fatlaða
- Hörðuvallaskóli óskar eftir sérkennara
- Hörðuvallaskóli óskar eftir tónmenntakennara
- Lindaskóli óskar eftir forstöðumanni Dægradvalar
- Leikskólinn Baugur óskar eftir sérkennslustjóra
- Leikskólinn Núpur óskar eftir deildarstjóra

Fleiri störf og nánari upplýsingar er að finna á vef Kópavogsbæjar

Eingöngu er hægt að sækja um störfin rafrænt á vef Kópavogsbæjar [www.kopavogur.is](http://www.kopavogur.is)



**Kópavogsbær**

[kopavogur.is](http://kopavogur.is)



**UMSLAG ehf**

## MARKAÐS- OG SÖLUSTJÓRI

Umslag ehf óskar eftir að ráða markaðs- og sölustjóra. Leitað er að öflugum einstaklingi í krefjandi starf þar sem reynir á samskiptahæfni, frumkvæði og skipulögð vinnubrögð.

### HÆFNISKRÖFUR

- Árangursrík reynsla af markaðs- og sölustörfum æskileg.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð.
- Góð almenn tölvukunnátta.
- Góð kunnátta á samfélagsmiðla.

### HELSTU VERKEFNI

- Markaðssetja félagið.
- Samskipti við nýja og núverandi viðskiptavini.
- Öflun nýrra viðskiptasambanda.
- Skipulagning og umsjón funda.
- Uppsetning og frágang tilboða í verkefni.

Nánari upplýsingar veitir Sölvi Sveinbjörnsson, framkvæmdastjóri, [solvi@umslag.is](mailto:solvi@umslag.is). Umsóknarfrestur er til 15. júlí.

Farið verður með allar umsóknir sem trúnaðarmál.

Umsóknum ekki svarað í síma.

## FRÁ HUGMYND TIL VIÐTAKANDA

Umslag ehf. var stofnað árið 1989 og er nú leiðandi á sínu sviði sem eitt stærsta fyrirtækið hér á landi í prentun gagna, þökkun kynningarefnis, hönnun og allt sem snýr að markhópum og öðrum gögnum fyrir fyrirtæki og stofnanir.



Lágmúli 5 | 108 Reykjavík | Sími 533 5252 | [www.umslag.is](http://www.umslag.is)



**Jobconnect**

## LOOKING FOR JOB IN NORWAY? WE ARE LOOKING FOR 60 QUALIFIED ENGINEERS

*Jobconnect is a Norwegian staffing and recruiting agency. We are successfully recruiting qualified personnel from abroad, offering exciting job opportunities in Norway within large international companies. We are now searching on behalf of several Norwegian companies.*

### • WE ARE LOOKING FOR PEOPLE WHO ARE RECENTLY GRADUATED, AND PEOPLE WHO HAVE WORK EXPERIENCE WITH THE FOLLOWING QUALIFICATIONS:

- Mechanical engineers
  - Electro/automation engineers
  - Engineers within construction, civil engineering, energy
- And a lot more...

### • GENERAL QUALIFICATIONS AND SKILLS:

We are looking for efforts willing employees with the ability to work independently and at the same time contribute to positive teamwork. It is also important with good communication skills in English or Danish/Norwegian.

### • WE CAN OFFER:

- Interesting and challenging duties in an international environment with good opportunities for professional development
- Competitive salary terms and good insurance
- A great working environment and good conditions

*Please send your CV and transcript of grades as soon as possible to the contact person below.*

## Ertu vanur bókarí? Vilt þú vinna á góðum vinnustaði?

Bókhald og þjónusta auglýsir eftir bóka.  
Bókhald og þjónusta er bókhaldstofa við Borgartún í Reykjavík. Við sjáum um bókhald, VSK-skil, launavinnslur, ársreikningagerð og skattskil fyrir allar stærðir fyrirtækja.

### Starfið felst í:

- Færslu bókhalds.
- Afstemmingum.
- VSK uppgjöri.

### Hæfniskröfur:

- Mikil reynsla við færslu bókhalds og afstemmingar.
- Góð kunnátta á excel og DK eða annað bókhaldskerfi.

Upplýsingar ekki veittar í síma en áhugasömum er bent á að senda ferilskrá á netfangið [starf@ibokhald.is](mailto:starf@ibokhald.is) fyrir 2. júlí nk.

**Bókhald og þjónusta**



Vaxandi fyrirtæki leitar að:

## Starfsmanni í eldamennsku og þrif

Leitum að starfsmanni í hlutastarf við að sjá um léttan hádegisverð fyrir u.þ.b. tuttugu manns og dagleg þrif.

Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst.

Nánari upplýsingar veitir Bjarni Þór í síma 414 8081. Skriflegar umsóknir ásamt ferilskrá sendist til Naust Marine, Miðhelli 4, 221 Hafnarfirði eða á netfangið [naust@naust.is](mailto:naust@naust.is).

## Rauði krossinn í Reykjavík auglýsir eftirfarandi stöður til umsóknar:

### Verkefnastjórar Hjálparsíma Rauða krossins 1717

Auglýst er eftir þremur verkefnastjórum Hjálparsíma Rauða krossins 1717. Um er að ræða 70% starf en verkefnastjórar vinna í teymi.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýttist í starfi
- Mikil leikni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, sjálfstæði og frumkvæði
- Stjórnunarreynsla æskileg

### Helstu verkefni:

- Umsjón og ábyrgð á daglegum rekstri
- Öflun, umsýsla og þjónusta við sjálfbodaliða
- Samvinna við samstarfsaðila
- Skipulagning starfseminnar
- Kynning á starfseminni

Umsækjandi þarf að geta hafi störf seinni part sumars.

Upplýsingar um verkefni má finna á heimasíðu Rauða krossins [www.redcross.is](http://www.redcross.is) og nánari upplýsingar um starfið gefur Katla Þorsteinsdóttir, á netfanginu [katla@redcross.is](mailto:katla@redcross.is)

Umsóknum skal skila á skrifstofu Rauða krossins í Reykjavík, Laugavegi 120, 4. hæð, 105 Reykjavík eða á ofangreint netfang fyrir 13. júní nk.



## Aðstoðardeildarstjóri hjúkrunar

Starf aðstoðardeildarstjóra á öldrunardeild L2 er laust til umsóknar. Starfshlutfall er 90-100% og veitist starfið frá 1. ágúst 2013 eða eftir samkomulagi til tveggja ára með möguleika á áframhaldandi ráðningu.

Á deildinni eru 18 rúm fyrir sjúklinga sem hafa gilt færni- og heilsumat og eru að biða eftir vist á hjúkrunarheimili.

### Helstu verkefni og ábyrgð

- » Ábyrgð á rekstri og mönnun deildar í fjarveru hjúkrunardeildarstjóra
- » Er leiðandi í klínísku starfi og framþróun hjúkrunar á deildinni
- » Vinnur í samráði við hjúkrunardeildarstjóra að skipulagningu á starfsemi deildar
- » Sérstök ábyrgð á tilteknum verkefnum sem honum eru falin

### Hæfniskröfur

- » Íslenskt hjúkrunarleyfi
- » Starfsreynsla
- » Stjórnunarþekking og leiðtogahæfni
- » Hæfni í mannlegum samskiptum

### Nánari upplýsingar

- » Umsóknarfrestur er til og með 13. júlí 2013.
- » Upplýsingar veita Ingibjörg Tómasdóttir, deildarstjóri, netfang [iingibjo@landspitali.is](mailto:iingibjo@landspitali.is), sími 543 9533/ 824 5769 og Þórdís Ingólfsdóttir, mannauðsráðgjafi, netfang [thoring@landspitali.is](mailto:thoring@landspitali.is), sími 543 9106/ 824 5480.

Laun samkvæmt samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Sött er um starfið rafrænt á [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is), undir „laus störf“. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin. Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar á spítalanum. Nánari upplýsingar um forsendur ráðningar er að finna á heimasíðu Landspítala.

Umhyggja • Fagmennska • Öryggi • Framþróun



[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRDUR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRDUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

